



Samstarfssamningur

Dalabyggðar og UDN

Dalabyggð, kt. 510694-2019 og Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN), kt. 670269-0789 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr. Tilgangur og markmið

Í samningi þessum er UDN samnefnari fyrir öll aðildarfélög sín og deildir sem hafa starfssvæði innan Dalabyggðar. Samningnum er ætlað að styrkja starfsemi innan Dalabyggðar.

Tilgangur og markmið með samstarfi UDN og Dalabyggðar er:

- að stuðla að auknu samstarfi milli UDN og Dalabyggðar á sviði íþróttar- og æskulýðsmála
- að öllum börnum og ungmennum í Dalabyggð gefist kostur á að taka þátt í fjölbreyttu og uppbyggilegu íþróttar- og æskulýðsstarfi með áherslu á forvarnir og heilsueflingu
- að efla starf UDN og aðildarfélaga með áherslu á barna- og ungmennastarf
- að skapa sterka umgjörð um íþróttar- og æskulýðsstarf í sveitarfélaginu
- að stuðla að samfelli í skóla, íþróttar- og félagsstarfi barna í sveitarfélaginu
- að færa ákvörðunarvald íþróttar- og félagsstengdra málefna nær félagsmönnum hreyfingarinnar

2. gr. Hlutverk

Hlutverk UDN samkvæmt samningi þessum er:

- að ráðstafa starfsstyrkjum frá Dalabyggð til aðildarfélaga sinna og deilda skv. reglugerð, sjá viðauka I með samningi þessum.
- að hafa ávallt tiltækar upplýsingar um framboð á íþróttastarfi í sveitarfélaginu og miðla þeim á skilvirkan hátt til íbúa sveitarfélagsins.
- að eiga í virku samtali við sveitarstjórn varðandi þarfir og forgangsöröðun er varðar íþróttastarf barna og ungmenna og aðstöðu til íþróttaiðkunar.



- að heimilt sé að kalla stjórn UDN á fund fræðslunefndar Dalabyggðar ef þurfa þykir s.s. til að fara yfir starf sambandsins, áherslur og ráðstöfun starfsstyrkja.

Hlutverk Dalabyggðar samkvæmt samningi þessum er:

- að styðja bæði fjárhagslega og með óbeinum hætti við starfsemi UDN.
- að hvetja íþróttahreyfinguna til að leggja áherslu á forvarnir og heilsueflingu í starfi sínu.
- Að búnaður sem tilheyrir mannvirkjunum sé tiltækur og mannvirkin tilbúin til notkunar
- Ræstingu á því húsrúmi eða svæði sem íþróttafélagið hefur til afnota hverju sinni þegar íþróttaviðburðir fara fram, kappleikir eða fjölíðamót. UDN sjái til þess að frágangur sé til fyrirmyndar að mótahaldi/kappleikjum loknum.

3. gr. Fjármál og styrkir

Starfsstyrkur

Dalabyggð greiðir UDN fastan starfsstyrk vegna barna- og ungmennastarfs sambandsins, að lágmarki 1.200.000 kr. á ári, fyrir árin 2026, 2027 og 2028. Fjárhæðin getur tekið breytingum samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkupp hæðin skal greidd til UDN fyrir lok marsmánaðar ár hvert. UDN ráðstafar fjármunum þessum og ákveður greiðslur til aðildarfélaga sinna og deilda sem hafa starfssvæði innan Dalabyggðar. Við úthlutun styrkja milli félaga, deilda, íþróttagreina og verkefna skal UDN fara eftir úthlutunarreglum sambandsins vegna starfsstyrks.

Óbeinn styrkur

Dalabyggð styrkir UDN á óbeinan hátt, m.a. með geymslu í Dalabúð, geymslu búnaðar í íþróttamiðstöð, skrifstofuaðstöðu í samvinnurými Stjórnsýsluhúss, fundaraðstöðu og aðgengi að þeim íþróttamannvirkjum sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða hverju sinni, samkvæmt skipulagi sambandsins og samkomulagi samningsaðila um nýtingu, sbr. eftirfarandi:

Dalabyggð hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur. Almenna reglan er að nemendur hafi fyrsta forgang, svo UDN og síðan eru almennir tímar. Ef hliðra þarf til æfingatímum félaga vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins skal láta UDN vita svo fljótt sem auðið er.



UDN hefur aðgang að vinnu- og fundaraðstöðu. Vinnuaðstaða er í samvinnurými Nýsköpunarseturs í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar. Staðsetning fundaraðstöðu fer eftir stærð fundar en alltaf í húsnæði sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða hverju sinni. Bóka þarf fundaraðstöðu á skrifstofu Dalabyggðar, á það einnig við um notkun aðildarfélaga UDN.

UDN kappkostar að ganga vel um húsnæði og aðstöðu sveitarfélagsins sem það fær til afnota og að brýna slíkt fyrir aðildarfélögum/deildum sínum sem fá afnot í samræmi við samstarfssamning þennan.

Öll afnot UDN og aðildarfélaga af íþróttaaðstöðu og húsnæði sveitarfélagsins færast sem styrkur Dalabyggðar til UDN í bókhaldi sveitarfélagsins en húsaleigustyrkur getur þó aldrei orðið meira en 6.000.000 kr.pr. ár. Afnotin skulu vera innan opnunartíma mannvirkja og taka tillit til aðstæðna eins og viðhalds, endurbóta og slíks af hálfu sveitarfélagsins. Ef sérstakar óskir koma fram um aðra tíma þá skal afgreiða þær óskir sérstaklega með aðkomu byggðarráðs.

4. gr. Siðareglur og skyldur vegna samstarfs

Sveitarstjórn Dalabyggðar setur það sem skilyrði fyrir fjárveitingum til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða uppá frístundaiðkun fyrir börn og unglinga að félögin setji sér siðareglur.

Jafnframt verði gerðar viðbragðsáætlanir fyrir UDN og þjálfarar og annað umsjónarfólk fái fræðslu um ofbeldi og kynferðislega áreitni. Þá eiga félögin að tilgreina trúnaðarmann í viðbragðsáætlun.

Dalabyggð sem samstarfsaðili gerir kröfu um að þjálfarar og aðrir starfsmenn eða sjálfboðaliðar á vegum UDN skulu uppfylla skilyrði laga um þá sem starfa með börnum og ungmennum s.s. að sýna fram á hreint sakavottorð.

UDN skuldbindur sig til að skila skýrslu til Dalabyggðar fyrir 1. maí ár hvert, sem samningur þessi nær til. Skal heildarskýrsla UDN m.a. byggjast á skýrslum aðildafélaga og deilda UDN fyrir liðið ár. Í rekstrarskýrslum skulu koma fram upplýsingar um starfsemi UDN og aðildarfélaga þess á liðnu ári og skipting starfsstyrkja frá UDN vegna barna- og ungmennastarfs til aðildarfélaga og deilda á liðnu ári, ásamt áætlunum UDN fyrir yfirstandandi starfsár.



Stjórn UDN og lýðheilsufulltrúi Dalabyggðar setja upp og viðhalda búnaðarlista yfir áhöld og tæki í eigu UDN sem notuð eru til íþróttar- og tómstundastarfs og geymd eru í íþróttamiðstöð við Miðbraut 8b og skal séð til þess að búnaðurinn sé varðveittur með fullnægjandi hætti.

5. gr. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2026 og gildir til ársloka 2028. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara og skal uppsögn miða við næstu mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skulu samningsaðilar undirrita nýjan samning með á orðnum breytingum. Beiðni um slíka endurskoðun skal vera skrifleg.

Komi til ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem samningsaðilar geta ekki leyst sín á milli skal hann leystur fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Staður: _____ Dags.: _____

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri
með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður
með fyrirvara um staðfestingu stjórnar



Vottar að réttum undirskriftum og dagssetningu:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala